

Ákvörðun nr. 7/2024  
Miðvikudagur, 10. apríl 2024

## Kaup Samhentra Kassagerðar hf. á Formar ehf.

- Þann 7. mars 2024 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Samhentra Kassagerðar hf. á öllu hlutafé í Formar ehf. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá samkvæmt ákvæði 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Með tölvupósti dags. 12. mars 2024 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 17. gr. d samkeppnislaga byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 8. mars 2024.
- Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.

### I. Samruninn og aðilar hans

- Í samrunaskrá kemur fram að Samhentir Kassagerð hf. sé þjónustufyrirtæki sem bjóði upp á heildarlausnir í umbúðum og öðrum rekstrarvörum. Fyrirtækið starfi á umbúðamarkaði og tengdri þjónustu þar sem fyrirtækið flytji inn og selji umbúðir, rekstrarvörur og pökkunarvélar fyrir sjávarútveg, iðnaðarframleiðendur, heildsala og endursöluaðila. Dótturfélag Samhentra, Vörumerking ehf. reki prentsmiðju sem sérhæfi sig í framleiðslu límmiða og hvers konar vörumerkingum.
- Starfsemi Formar ehf. felst í framleiðslu og markaðssetningu á umbúðum úr frauðplasti (e. *expanded polystyrene* (EPS)) fyrir flutning á sjávarfangi annars vegar og húseinangrun úr frauðplasti (EPS) hins vegar. Formar ehf. var áður Plastgerð Suðurnesja ehf. sem var afskráð úr fyrirtækjaskrá 26. mars 2019 við kaup Framtakssjóðsins Umbreyting I slhf. á Plastgerð Suðurnesja og Borgarplasti ehf. og sameiningu félaganna.
- Í ágúst 2023 keypti Umbúðamiðlun ehf. hverfismótaframleiðslu Borgarplasts en samhliða sölnunni var Formar ehf. stofnað og rekur félagið nú frauðverksmiðju að sögn samrunaaðila. Umbreyting I var áfram eigandi félagsins. Eigandi alls hlutafjár í Formar ehf. er nú AU 2 ehf.
- Í samrunaskrá kemur fram að markmið og tilgangur samrunans sé að auka við vöruúrval Samhentra og styrkja stöðu Forma á viðeigandi mörkuðum. Þá muni kaupin fela í sér að Samhentir komi inn á markað fyrir sölu og framleiðslu frauðplastkassa og markað fyrir sölu og framleiðslu á frauðplasteinangrun.



## II. Niðurstaða

### 1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

7. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkað og hins vegar landfræðilegum markaði.
8. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

#### 1.1. Sjóarmið samrunaaðila

9. Í samrunaskrá er vísað til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins er varða markaði fyrir umbúðir annars vegar og húsaainangrun hins vegar.<sup>1</sup> Með vísan til þeirra telja samrunaaðilar sig báða starfa á heildarmarkaði fyrir framleiðslu og sölu umbúða til fyrirtækja, einkum sjávarútvegsfyrirtækja. Hins vegar sé nauðsynlegt að greina umbúðamarkaði í undirmarkaði, sem teljist sérstakir markaðir, í samræmi við ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í öðrum málum. Vísa samrunaaðilar í því ljósi til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 36/2020 *Kaup Samhentra Kassagerðar hf. á hluta af rekstri og eignum Kassagerðar Reykjavíkur ehf.*
10. Í samræmi við fyrri nálgun Samkeppniseftirlitsins telja samrunaaðilar rétt að greina markaði málsins í þrjá megin markaði, sem eru þeir markaðir sem samrunaaðilar starfa á og geta orðið fyrir áhrifum við samruna þennan. Telja samrunaaðilar unnt að greina markaði enn frekar en ekki ástæðu til þess vegna samrunans. Telja samrunaaðilar markaði málsins vera:
  - Markaður fyrir framleiðslu og sölu á frauðplastkössum (EPS).
  - Markaður fyrir framleiðslu og sölu á frauðplasteinangrun (EPS).
  - Markaður fyrir framleiðslu og sölu á kössum úr bylgjuplast.

*Markaður fyrir framleiðslu og sölu á frauðplastkössum (EPS)*

11. Ein af tveimur framleiðslu- og söluvörum Forma eru svonefndir frauðplastkassar, sem eru aðallega notaðir til útflutnings á ferskum fiski. Kassarnir eru framleiddir í frauðverksmiðju Forma við Grænásbraut 501 í Reykjanesbæ. Í umfjöllun um markað fyrir framleiðslu og sölu

<sup>1</sup> Sjá ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins er varða umbúðamarkaði: mál nr. 27/2012 *Samruni Kvosa ehf. og Plastprents ehf.*, í máli nr. 23/2016 *Samruni Samhentra Kassagerðar hf. og Frjó umbúðasölnunnar ehf.*, í máli nr. 23/2017 *Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.*, í máli nr. 35/2019 *Kaup Prentmets ehf. á hluta af rekstri og eignum Odda prentunar og umbúða ehf.* og í máli nr. 36/2020 *Kaup Samhentra Kassagerðar hf. á hluta af rekstri og eignum Kassagerðar Reykjavíkur ehf.* Sjá ákvarðanir samkeppnisyfirlivalda er varða markað fyrir húsaainangrun: ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 36/1995 *Kvörtun Þýzk-Íslenzka hf. vegna meintrar sölusynjunar Steinullarverksmiðjunnar hf.*, ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 19/2002 *Kaup Byko hf., Húsasmíðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. á hlutum í Steinullar verksmiðjunni hf.* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017 *Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.*



frauðplastkassa vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017 *Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.*

12. Telja samrunaaðilar því framleiðslu og sölu á frauðplastkössum mynda sérstakan markað. Taka samrunaaðilar fram að ekki hafi orðið breyting á notagildi kassa úr bylgjuplast, sem helst taldist koma til greina sem staðgönguvara, frá fyrrnefndri ákvörðun. Landfræðilega afmarkist markaðurinn við Ísland. Telja samrunaaðilar því að leggja eigi sömu markaðsskilgreiningu til grundvallar í máli þessu.
13. Í samrunaskrá kemur fram að fáir keppinautar starfi á markaði fyrir framleiðslu og sölu á frauðplastkössum á Íslandi. Auk Forma hafi Tempra ehf. mikla yfirburði á markaðnum. Þá hafi ný framleiðsla á frauðplastkössum risið á Djúpavogi undir nafni BEWI, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 17/2021 *Stofnun Ósness ehf. og Genevad Holding AB á BEWI Iceland ehf.*

*Markaður fyrir framleiðslu og sölu á frauðplasteinangrun*

14. Samrunaaðilar telja rétt að skilgreina sérstakan markað fyrir framleiðslu og sölu á frauðplasteinangrun. Vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017 *Samruni Tempru hf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.* en þar komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að sérstakur markaður væri fyrir framleiðslu og sölu á frauðplasteinangrun. Landfræðilega afmarkist markaðurinn við Ísland. Á markaðinum starfi, auk Forma, Tempra ehf, Polynorth ehf. og Plastverksmiðjan Ylur ehf. Samhentir eru ekki starfandi á markaðnum.

*Markaður fyrir framleiðslu og sölu á kössum úr bylgjuplast*

15. Í samrunaskrá segir að af rannsókn Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017 *Samruni Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.* sé ljóst að bylgjuplastkassar hafi mun minna einangrunargildi en frauðplastkassar og með mun takmarkaðri möguleika til flutnings á ferskum fiski. Samkvæmt niðurstöðu rannsóknarinnar væru bylgjuplastkassar lítið sem ekkert notaðir til útflutnings í flugi, þar sem stýring á umhverfishita væri ekki með besta móti. Þá væru bylgjuplastkassar einungis notaðir að takmörkuðu leyti til útflutnings á ferskum fiskiflökum með skipum, meðan villtur heill fiskur væri að meginstefnu fluttur út í körum, en heill eldisfiskur fluttur í skipum með bæði körum og frauðplastkössum en ekki bylgjuplastkössum.
16. Samrunaaðilar taka fram að Samhentir hafi áætlað að selja bylgjuplastkassa, svonefndar [...], í samkeppni við frauðplastkassa, til flutnings á ferskum fiski. [...] Staðreyndin væri hins vegar sú að sala Samhentra á bylgjuplastkössum til sjávarútvegs- og fiskeldisfyrirtækja væri dræm. Heildartekjur Samhentra af sölu umbúða úr bylgjuplast hafi numið [...] árið 2023. Sala bylgjuplastkassa hafi numið um [...] af umbúðasölu til sjávarútvegsfyrirtækja og [...] af heildarsölu félagsins. Því hafi markmið Samhentra að selja bylgjuplastkassa í samkeppni við frauðplastkassa ekki raungerst.
17. Telja samrunaaðilar ljóst að bylgjuplastkassar séu ekki staðgönguvara fyrir frauðplastkassa, þó þeir geti veitt visst aðhald á markaði fyrir frauðplastkassa. Landfræðilega afmarkist markaðurinn við Ísland.

## **1.2. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins**

18. Líkt og fram kemur af hálfu samrunaaðila hefur Samkeppniseftirlitið í fyrri ákvörðunum fjallað um markaði fyrir umbúðir. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017 *Samruni*



*Tempru ehf. og Plastgerðar Suðurnesja ehf.* var framkvæmd ítarleg rannsókn á staðgöngu frauðplastbakka og bylgjuplastkassa.

19. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins í málinu leiddi í ljós að ljóst væri að báðar tegundir séu notaðar til flutninga á ferskum fiskafurðum. Þrátt fyrir það hefðu frauðplastkassar þann eiginleika að einangra betur og stuðla þannig að því að varðveita ferskleika vörunnar þegar hitastig utan kassanna er ekki það sama og þarf að vera til að tryggja ferskleika og gæði vöru. Var ljóst af rannsókninni að flutningsmáti og tegund útflutningsvöru stýrði vali á umbúðum fyrir flutning. Niðurstaða SNIP prófs sem framkvæmt var sýndi ennfremur skýrt að ekki væri staðganga á notkun frauðplastkassa gagnvart öðrum tegundum umbúða sem notaðar eru til að flytja út ferskan fisk.
20. Leiddi framangreind rannsókn til niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins þess efnis að sökum ólíkra eiginleika umbúðanna tilheyrði framleiðsla og sala á frauðplastkössum annars vegar og bylgjuplastkössum hins vegar ekki sama vörumarkaði í skilningi samkeppnislaga. Framkvæmdastjórn ESB hefur í ákvörðunum sínum einnig talið að umbúðir myndi sérstaka markaði á grundvelli eðli og eiginleika umbúða.<sup>2</sup>
21. Við skilgreiningu markaða í samrunamálum er m.a. unnt að hafa hliðsjón af fordæmum í innlendra lagaframkvæmd og í EES/ESB-samkeppnisrétti, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, *Stjörnugrís hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hins vegar verður ávallt að meta hvort aðstæður á markaði séu hinar sömu og í eldra máli. Þá liggur fyrir í samkeppnisrétti að, eðli málsins samkvæmt, geta markaðsskilgreiningar í eldri málum ekki skapað fyrirtækjum lögmetar væntingar um sömu skilgreiningar markaða í síðari málum.
22. Í því skyni að kanna hvort aðstæður væru enn með sama hætti og rannsókn Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017 leiddi í ljós hefur Samkeppniseftirlitið haft samband við sjávarútvegs- og laxeldisfyrirtæki sem kaupa umbúðir vegna útflutnings á fiski. Voru fyrirtækin m.a. spurð hvort aðstæður væru enn með þeim hætti að eiginleikar til einangrunar veldu því að frauðplastkassa nytu sérstöðu í tilteknum tegundum útflutnings á ferskum fiski eða hvort nýjungar hefðu leitt til þess að bylgjuplastkassar veittu frauðplastkössum aukid samkeppnislegt aðhald. Svör fyrirtækjanna benda til þess að ekki hafi orðið breyting á eiginleikum eða notagildum bylgjuplastkassa frá töku ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2017.
23. Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að ætla að aðstæður á mörkuðum fyrir sölu á frauðplastkössum annars vegar og bylgjuplastkössum hins vegar hafi breyst frá fyrrnefndri rannsókn. Er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framleiðsla og sala á frauðplastkössum annars vegar og bylgjuplastkössum hins vegar tilheyrir sennilega enn sitt hvorum vörumarkaðnum í skilningi samkeppnislaga. Ekki þarf þó að taka formlega afstöðu til markaðsskilgreininga þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.
24. Að fenginni framangreindri markaðsskilgreiningu og í ljósi þess að Samhentir starfa ekki á mörkuðum fyrir framleiðslu og sölu á húsaeinangrun er um samsteypusamruna að ræða og leiðir samruninn því ekki til samþjöppunar á mörkuðum málsins. Samkeppniseftirlitið telur ekkert benda til þess að samruninn leiði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti með samrunanum. Jafnvel þótt frauðplastumbúðir og bylgjuplastumbúðir teldust til sama markaðar þannig að um láréttan samruna væri að ræða milli beinna keppinauta, benda fyrirbyggjandi gögn til þess að samþjöppun og áhrif samrunans væru ekki umfram viðmið

<sup>2</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli nr. M.1656 HUHTAMÄKI OYJ/PACKAGING INDUSTRIES VAN LEER, mgr. 7, sbr. tilvísanar ákvarðanir.



samkeppnisréttar enda hefur Formar takmarkaða markaðshlutdeild í samanburði við stærri keppinauta við framleiðslu frauðplasts hérlendis.

25. Með vísan til framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga né rannsaka samrunann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

### **III. Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Samhentra Kassagerðar hf. á öllu hlutfé í Formar ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson